



Félag löggiltra  
endurskoðenda

Reykjavík 3. október 2012  
Tilvísun FLE 34-2012  
**Nefndasvið Alþingis**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**  
**b/t Kristjönu Benediktsdóttur**

**Málefni: Frumvarp til laga um ársreikninga, 94 mál.**  
**Frumvarp til laga um bókhald, 93 mál.**

Með tölvupósti dags. 27. september s.l. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreind frumvörp.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreind erindi til Álitsnefndar og Endurskoðunarnefndar FLE sem tóku málið til umfjöllunar.

Álitsnefndin vill koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum á framfæri:

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um ársreikninga eru ákvæði um skoðunarmenn sem gjalda verður varhug við. Felld hafa verið út ákvæði um að skoðunarmenn skuli endurskoða og sett eru stærðarmörk á endurskoðunarskylduna og er það vel. Hins vegar er öllum félögum, sem ekki eru endurskoðunarskyld, gert að kjósa sér skoðunarmann. Hlutverk hans og ábyrgð eru vægast sagt óljós en honum er ætlað að “yfirfara ársreikninginn og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu”. Þá skulu skoðunarmenn “að lokinni yfirferð ársreiknings undirrita hann ... og skal undirritun skoðunarmanns ásamt dagsetningu fylgja ársreikningnum”.

Hugtökin yfirferð og undirritun eru algerlega óskýrð í frumvarpinu. Engar reglur eru um hvað felst í yfirferð skoðunarmanns ólíkt því sem á við um endurskoðun þar sem viðamikilið safn staðla liggur til grundvallar. Það er því alger óvissa um hvað felst í störfum hans og hvaða þýðingu aðkoma hans getur haft fyrir notendur reikningsskilanna. Ekkert er um það í frumvarpinu hvað undirritun skoðunarmanns felur í sér og þ.a.l. í hverju ábyrgð hans felst. Gæti skoðunarmaður til að mynda gefið álit á reikningsskilum á sama hátt og endurskoðandi og þannig villt um fyrir notendum þeirra? Það má vera ljóst að þessi ákvæði eru ekki til þess fallin að veita notendum reikningsskila neina vissu eða auka öryggi þeirra yfir höfuð, en geta þvert á móti leitt til falsks öryggis.

Að auki vakna spurningar um hvort hægt sé að kjósa endurskoðanda eða endurskoðunarfyrrtæki sem skoðunarmann. Það virðist ekki ljóst og mætti því

jafnvel skilja sem svo að endurskoðendur geti ekki tekið að sér að ”yfirfara” ársreikninga sem ekki er skylt að endurskoða.

Ef ætlunin er að leggja áfram einhverjar skyldur á öll félög, um aðkomu fagmanna að gerð reikningsskila þeirra, þá væri eðlilegasta leiðin sú að þýða og innleiða alþjóðlegan staðal nr. 4410 sem útgefin er af IFAC. Sá staðall, sem fjallar um aðkomu fagmanna að gerð óendurskoðaðra reikningsskila, beinist ekki bara að endurskoðendum heldur öllum fagmönnum á sviði reikningsskila (accountants). Staðallinn er örfáar blaðsíður og því einfalt og ódýrt að þýða hann og innleiða í lög.

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um bókhald eru svipuð ákvæði um hlutverk skoðunarmanna en þar er þó tekið fram að hann skuli ”staðfesta þá vinnu sem hann innir af hendi varðandi reikningsskilin með undirskrift sinni”. Þá segir að ”ef skoðunarmaður telur að nauðsynlegar upplýsingar vanti í ársreikninginn eða skýrslu stjórnar eða upplýsingar séu villandi og ennfremur ef hann telur að fyrir liggi atvik sem varðað geti stjórnendur ábyrgð skal hann vekja athygli á því”. Það er því gengið aðeins lengra í því að skilgreina hlutverk og ábyrgð skoðunarmanns í þessu frumvarpi en í frumvarpi vegna ársreikningalaga en þó er að flestu leyti sama óvissan.

Álitsnefndin gerir ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið að svo stöddu en bendir á að í frumvarpið vantar fjölmargt sem laga þyrfti í lögnum til viðbótar og FLE hefur margbent á.

Virðingarfyllst,

f.h. Félags löggiltra endurskoðenda



Sigurður B. Arnþórsson

Framkvæmdastjóri FLE